

**Ed.**

**665. Breytingartillaga**

[169. mál]

við frv. til l. um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Við 7. gr. Eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Leggja skal sérstakt gjald á alla selda aðgöngumiða að kvikmyndahúsum.  
Nemur gjald þetta 10% af brúttóverði og rennur í Kvikmyndasjóð.
2. Eftir 12. gr. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:  
Þrátt fyrir ákvæði laga um skemmtanaskatt, nr. 58 12. maí 1970, er fjármálaráðherra heimilt að lækka gjöld af kvikmyndasýningum samkvæmt 2. og 7. gr. þessara laga úr 16.5% í 6.5%, en hækka aðgöngugjald að vínveitingahúsum samkvæmt 5. flokki 2. gr. sömu laga að því marki, að tekjur félagsheimilaskjóðs og Sinfóníuhljómsveitar Íslands skerðist ekki.